

Fundargerð stjórnar foreldrafélagsins Vinarót

29. október 2019

Mættir: Sigurður, Sigrún, Katla, Þórdís og Andrea.

Stöður

- Formaður: Sigrún
- Varaformaður: Andrea
- Gjaldgeri: Sigurður
- Ritari: Þórdís
- Meðstjórnendur: Katla og Ásta

Íþróttadagur

- Ákveðið að athuga með íþróttasal Oddeyrarskóla, hvort við getum haldið íþróttadag þar sunnudaginn 17. nóvember.

Jólaball

- Ákveðið að skoða bókaþjafi.
- Ákveða þarf dagsetningu í samráði við Indu.

Myndataka

- Ákveðið að ræða við Auðunn ljósmyndara um myndatökur deilda og krakka, með svipuðu sniði og hefur verið fyrri ár.

Aðrar hugmyndir um viðburði

- Hittast í einhverri brekkunni í hverfinu þar sem krakkarnir geta rennt sér í snjónum. Foreldrafélagið myndi bjóða uppá kakó/kaffi og léttar veitingar.
- Undir lok leikskóladags (ca. kl. 15) myndu allir krakkar fara út að leika og foreldrar myndu koma og njóta samveru með krökkunum og öðrum foreldrum. Krakkarnir gætu verið búin að fönðra skreytingar, jafnvel kertaskreytingar, og hengja upp um svæðið. Foreldrafélagið myndi bjóða uppá kakó/kaffi og léttar veitingar.

Annað

- Biðja Indu um að senda póst á foreldra og vekja athygli á Facebook hópnum „Foreldrar barna í leikskólanum Kiðagili“.